

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 172/2022**

**frá 10. júní 2022**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/146 frá 1. febrúar 2022 um að ákvarða hvort vara sem inniheldur alkýl(C<sub>12-16</sub>)-dímetýlbensýlammóníumklóríð er sæfivara skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzu (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2166) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzzv. **32022 D 0146:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/146 frá 1. febrúar 2022 um að ákvarða hvort vara sem inniheldur alkýl(C<sub>12-16</sub>)-dímetýlbensýlammóníumklóríð er sæfivara skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 24, 3.2.2022, bls. 133).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/146, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 24, 3.2.2022, bls. 133.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.